

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 12.1.2021
Tilvísun: 20210101254

Viðbrögð ríkisskattstjóra við umsögn Samgöngustofu um frumvarp til laga um skipagjald – 313. mál, þskj. 349

I. Framkvæmd álagningar skipagjalds í dag

Samgöngustofa leggur á skipagjald skv. 28. gr. nógildandi laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum. Í lögnum er þó ekki kveðið á um hver sé álagningaraðili, rétt eins og bent er á í umsögn Samgöngustofu.

Í gögnum í TBR (Tekjubókhaldskerfi ríkisins) við gjaldflokkinn KS (skipagjald) segir að Samgöngustofa sé álagningaraðili og að kerfið fái álagningu frá þeirri stofnun (innlestur frá skipaskrá).

Í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 587/2002, um skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl., segir að Siglingastofnun, nú Samgöngustofu, sé heimilt að fella niður hluta skipagjaldsins við þar tilgreindar ákveðnar aðstæður. Þá heimild hefði stofnunin ekki haft ef hún væri ekki álagningaraðili. Þannig virðist hafa verið gert ráð fyrir því á sínum tíma að Siglingastofnun yrði álagningaraðili gjaldsins.

II. Aðferð við álagningu skipagjalds

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslunni, sem á og rekur Tekjubókhaldskerfi ríkisins, er aðferðin við álagningu skipagjaldsins þannig að excel-skjal berst frá Samgöngustofu um skattskylda aðila sem sæta skuli álagningu. Starfsmaður Fjársýslunnar færir svo skjalið inn í kerfið og um leið og það gerist myndast greiðsluseðlar sem eru í framhaldinu sendir út til gjaldenda.

III. Lög um bifreiðagjald nr. 39/1988

Með lögum nr. 37/2000, um breytingu á lögum um bifreiðagjald var ríkisskattstjóra falin álagning bifreiðagjalds en áður fól fjármálaráðherra ríkisskattstjóra eða tilteknum skattstjóra eða að annast álagninguna.

Áður en lögin tóku gildi annaðist innheimtumaður ríkissjóðs bæði innheimtu og álagningu bifreiðagjalds. Framangreind breyting var studd með þeim rökum m.a að réttaröryggi greiðenda væri betur borgið ef einn aðili annaðist álagningu skatts og annar innheimtuna.

Jafnframt var tiltekið að það næðist meira samræmi í álagningu bifreiðagjalds annars vegar og þungaskatts hins vegar. Þá var tekið fram að með þessari breytingu gætu greiðendur þessara gjalda snúið sér að einum og sama álagningaraðilanum hvort heldur væri um bifreiðagjald eða þungaskatt að ræða og að málsmeðferð væri sú sama í báðum tilvikum. Jafnframt er lögfest ákveðið samspil milli Tryggingastofnunar og ríkisskattstjóra við niðurfellingu bifreiðagjalda hjá skjólstæðingum Tryggingastofnunar.

IV. Aðferð við álagningu bifreiðagjalds

Skatturinn er með tengingu í TBR og sendir álagningu bifreiðagjaldsins beint þangað inn í gegnum kerfi hjá sér (Trukkurinn) eftir gögnum sem berast úr skráum Samgöngustofu. Fjársýslan tekur í kjölfarið við og gefur að lokum út greiðsluseðla fyrir gjaldinu.

V. Frumvarp til skipalaga – 313. mál, þskj. 349

Sú breyting sem lögð er til í fyrirbyggjandi frumvarpi um skipalög, þ.e. 208. mál, er að ekki verði lengur kveðið á um gjaldtöku skipagjaldsins í þeim lagabálki. Ákvæði núgildandi 28. gr. laga nr. 47/2003 hefur þannig með frumvarpinu verið fellt á brott. Í almennum athugasemdum frumvarpsins segir um þetta atriði að þar sem um skattlagningu sé að ræða sé talið að ákvæði þess efnis eigi betur heima í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ákvæðinu var aftur á móti ekki bætt inn í þau lög, en eins og kunnugt er liggur nú fyrir sérstakt frumvarp til laga um skipagjald, sbr. 313. mál.

VI. Samantekt

Umsögn Samgöngustofu varðar fyrst og fremst þá afstöðu að álagning skipagjalds eigi ekki heima hjá þeirri stofnun þrátt fyrir að í dag annist Samgöngustofa í reynd þessa álagningu. Eins og fram er komið hefur álagningu skipagjalds verið fyrir komið í sérstöku frumvarpi og fellur framkvæmd sú sem þar er gert ráð fyrir vel að því hlutverki Samgöngustofu þar sem kveðið er á um skipamál. Samgöngustofa mun til að mynda hafa heimild til að leggja á stjórnvaldssektir.

Ítrekað skal að ríkisskattstjóri hefur enga aðkomu haft að álagningu skipagjalds heldur er umsýslan alfarið á hendi Fjársýslunnar með gögn sem koma beint frá Samgöngustofu. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á því fyrirkomulagi, sbr. og umsögn Samgöngustofu. Þannig mun excel skjal að óbreyttu áfram berast frá Samgöngustofu til Fjársýslunnar með upplýsingum um gjaldendur og upphæð skipagjaldsins sem lagt er á þá.

Álagning bifreiðagjaldsins fer aftur á móti fram hjá ríkisskattstjóra, sbr. 6. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, á grundvelli viðeigandi upplýsinga frá Samgöngustofu en Fjársýslan fær reyndar hliðstæðar upplýsingar um forsendur fyrir álagningu skipagjaldsins. Munurinn á aðferðum við álagningu skipagjalds og bifreiðagjalds virðist liggja í því að upplýsingar um bifreiðagjald eru keyrðar beint inn í TBR af Skattinum á meðan Fjársýslan færir upplýsingar um álagningu skipagjalds inn í TBR.

Samkvæmt framansögðu, og sérstaklega með vísan til álagningarferilsins, sbr. framangreindar upplýsingar frá Fjársýslunni, verður að telja eðlilegra að Samgöngustofa verði áfram álagningaraðili rétt eins og lagt er til í frumvarpinu, ekki síst með hliðsjón af því að almennt verður að teljast æskilegast að skráarhald og eftirlit sé á einni hendi. Er vandséð og ekki sérstaklega rökstutt í umsögninni hvernig lögfesting ákvæða um skipagjald gæti valdið óvissu um framkvæmd álagningar hvort tveggja skipagjalds og bifreiðagjalds, gjaldanna beggja þegar framkvæmdin er sú að álagningin er á höndum Samgöngustofu. Þá skal á það bent að Samstöngustofa fer með stjórnarsýslu samgöngumála og annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð o.fl. Stofnunin fer þannig með framkvæmd laga í sviði samgangna hvort heldur sem í lofti, láði eða legi. Hún innheimtir nú þegar fjölbreytt gjöld vegna verkefna sem hún hefur á sinni könnu. Loks verður ekki séð að nokkurt samspil eða samþætting með annarri framkvæmd ríkisskattstjóra réttlæti eða geti verið forsenda þess að álagning skipagjalds færist úr höndum Samgöngustofu til ríkisskattstjóra þrátt fyrir að einhverjar réttlætanager forsendur á sínum tíma, s.s. eftirlitsþáttur, hafi upphaflega verið ástæðan fyrir því að ríkisskattstjóra var falin framkvæmd þungaskatts og síðar bifreiðagjalda, í skjóli þess fyrirkomulags sem þá var við lýði.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson